

Greinagerð:

Julia Anna Cygert og Barbara Szulc, leiðbeinandi okkar var Margrét Perla Kolka Leifsdóttir

Þegar ferlið við að ákveða viðfangsefni lokaverkefnisins okkar hófst, ákváðum við systur að skrifa um eitthvað sem okkur finnst ekki mikið rætt um en vera vandamál í samfélaginu og tengist okkur sjálfum líka í vissum skilningi sem verandi „útlendingar“ á Íslandi.

Á heimasíðunni er rætt um rasisma og fordóma með útskýringum en líka með viðtölum og fréttum. Ástæða valsins á er sú að þetta viðfangsefni tengist okkur að vissu leyti. Einnig er þetta vandamál víða í heiminum og í umhverfi okkar sömuleiðis.

Verkefninu er ætlað að auka vitund á rasima og fordómum, það er alls ekki talað mikið um þetta, Eeeen staðreyndir eru sú.. að við höfum öll fordóma..... það kemur fram með ótta því við vitum ekki nóg um hið óþekkt. Við skiptum fólki í hópa, dæmum án þess að kynnast, hér eru smá dæmi, flóttamenn – þau eru örugglega að búa til sprengju heima, allir pólverjar reykja eða drekka vodka.

Við þekkjum ekki manneskju en dæmum hana, dæmum líf hans... hvernig væri það ef við værum bara opin fyrir öðruvísi?

Þessi kerfi virkar þannig að þegar við kynnumst meðlimum í alvöru hverfa fordómar. Þá í stað hóp sjáum við lifandi fólk, sem geta verið nágrannar okkar, lækna eða kennarar en ekki einungis, flóttamaður, arabi, pólverji eða svertingi.

Í raun bera fjölmiðlar, stjórnámálamenn og upplýsingar á netinu ábyrgð á vaxandi andúð fyrir öðruvísi fólki. Þessa aukningu má tengja við fólksflutningskreppuna, hvernig hryðjuverkaárásir hafa verið ræddar.

En umfang ógnunar hryðjuverkarárása er í lágmarki miðað við aðrar ógnir sem tengjast daglegu lífi, svo sem núverandi covid, bílslysi eða glæpi fólks með geðraskanir.

Marta Eiríksdóttir hefur sagt sitt að hún er ekki fordómafull en þegar hún sér í fréttunni útlendinga sem kvarta undan fordómum þar sem þau fá ekki vinnu, hún segir að málið snúist um þekkingu á íslenskri tungu.

Að sjálfsögðu er mikilvægt að læra íslensku, það mun hjálpa einstaklingum gríðarlega. En eins og Wala Abu Libdeh hefur sagt í viðtalinu að við sem útlendingar þurfum leggja meira að okkur en aðrir til að ná sama árangri og innfæddir. Einfaldara námsefni myndi sýna viðleitni samfélagsins til að aðlagast innflytjendum sem er einmitt lykillinn að góðri sambúð fólks af ólíkum uppruna.

En tungumálakunnátta er misjöfn.

Duldir fordómar eða Hversdagsrasismi er mjög þekktur í samfélagi. Þegar einhver reyna segja til okkar, ertu að hlægja. Margir Íslendingar telja að útlendingur sem er ekki með íslenskan ríkisborgararétt hefur ekki sömu réttindi.

Ætti húðlitur okkar að skipta máli? Viljum við að leyfa fólki að gera grín af öðrum vegna þess að við erum öðruvísi? Ef við verðum virðingarlaus gagnvart einhverjum hóp í samfélaginu verðum við fordómafull. „Viltu vera fordómafullur?“

Á hverjum degi erum við að berjast við staðalmyndir og fordóma og þar af leiðandi rasisma. Við mætum þeim í skólum, samfélagsmiðlum og á vinnustöðum. Engin merki um

kynþáttafordóma, útskýfun eða félagslega fordóma geta farið fram hjá okkur. Mundu - öðruvísi þýðir ekki verri.

Munuði eftir mörð á George Floyd? Það var rosa hátt um þetta á samfélagsmiðlum mótmæli Black Lives Matter sem var stofnuð árið 2013, hófust í maí 2020 í Bandaríkjunum og einnig út í mörgum öðrum löndum. Hlutverk þeirra er að grípa í ofbeldi veitt svörtum samfélögum af ríkinu.

Við tókum einmitt viðtal við þrjár stelpur sem hafa fundið fyrir rasisma, hafa verið lagðar í einelti. Þórunn Lilja segist að fólk forðaðist hana þegar hún vann á kassa í Hagkaup í Kringluni, foreldrar vinkvenna hennar í grunnskóla voru treg að leyfa börnum sínum að leika við hana. Hvernig haldiði, hvernig leið henni? Er það ekki sorglegt að hafa lent í svoleiðis atvikum?

Eða Anya Shaddock, hún segist að rasismi sé daglegt brauð fyrir hana, fólk voru að kallaði hana n.. orði og svo voru þau að hlægja af henni, en þegar hún reiddist þá fannst fólkinu það ennþá fyndnara.

Rasismi eru fordómar gagnvart fólki sem eru öðruvísi en þú. Hafa annað trú, húðlit eða uppruna. Við getum spurt okkur sjálf hvort við teljum okkur vera rasistar og hvort það sé rasismi á Íslandi.

Þrátt fyrir mikil fjölbreytni í mannkyni jarðarinnar erum við ein tegund: Homo sapiens. Og áhugaverðast við þetta er að við vorum öll svört. Þótt maðurinn sé þróaðasta tegund jarðar er hann enn hluti af dýrheiminum. Ranga hugmyndin um að hægt sé að skipta mönnum í mismunandi „kynþætti“ leiðir oft til mikilla hörmunga manna. Ofsóknir nasista og fjöldamorð á svokölluðum „Óæðri kynþættir“ er eitt af mörgum dæmum sem við þekkjum í sögunni.

Það sem við getum gert í dag er að tala um vandamálin, við megum ekki meðhöndla efni rasisma eins og það sé bannorð. Við ættum að taka þátt í að læra menningu og lífskilyrði annara, leita að tækifærum til samskipta. Eins og ég heyrði um daginn í fréttunum þegar það var verið að tala um rasisma að við Verðum að vera kærleiksrík, vera góð við hvort annað og þá deyr rasismi.

Við búum öll í einum heimi. Við þurfum að kynnast hvert öðru og sjá hvað hinir einstaklingarnir hafa uppá að bjóða. Opnum hjörtu okkar fyrir fjölbreytileika. Sérhver ríkisborgari ætti að geta nýtt grundvallarréttindi, frelsi og tekið þátt í samfélaginu, óháð kynþáttum.

Takk fyrir

Ég vil benda ykkur á heimasíðuna sem við gerðum

<https://juliacygert.wixsite.com/lokaverkefniiva>